

**Bókun við stofnanasamning SFR dagsettum 17. apríl 2007 með
lagfæringum frá 2008**




Vegagerðin hefur ákveðið að laun þeirra starfsmanna sem urðu fyrir launalækkun þann 1.1.2009 verði eins og þau voru fyrir lækkun. Hækkunin gildi frá 1.10. 2011 í samræmi við úrskurð Kjararáðs frá 21. desember 2011 um laun forstöðumanna stofnana og aðra sem undir ráðið heyra. Ákvörðun þessi raskar ekki þeim hækkunum sem samið hefur verið um í almennum kjarasamningum.

Samningsaðilar eru sammála um að dagvinnulaun hópa 1-7 hækki um 3 launaflokka og hópa 8-12. um 4 flokka. Föst yfirvinna lækki að sama skapi. Stefnt er að því við endurskipulagningu stofnunarinnar að dagvinnulaun hækki um 1 launaflokk í viðbót og að föst yfirvinna lækki að sama skapi. Með hliðsjón af ofangreindu eru samningsaðilar sammála um að þeir fastlaunasamningar sem gerðir hafa verið við starfsmenn og þar með sú yfirvinna sem Vegagerðin greiðir hverjum starfsmanni sé vegna þeirrar yfirvinnu sem nauðsynleg er talin til þess að starfsmaður geti sinnt starfi sínu samkvæmt starfslýsingu, en ekki uppbót á dagvinnulaun.

Ákvæði til bráðabirgða um 35 klst yfirvinnutíma í fastlaunasamningi falli úr gildi.

Reykjavík 13. janúar 2012

Fh. samstarfsnefndar SFR

F.h. Vegagerðarinnar

